

## Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2015, miðvikudaginn 18. nóvember var haldinn 87. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16:15. Viðstaddir voru: Hermann Valsson, Óttarr Örn Guðlaugsson og Gunnar Kristinsson. Einnig voru viðstaddur Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG. Trausti Jónsson, verkefnisstjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fyrirspurn frá íbúasamtökum Úlfarsárdals um framvindu við framkvæmdir í Úlfarsárdal. Guðmundur Pálmi Kristinsson frá umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu eigna og atvinnumála tekur sæti á fundinum og fer yfir verkáætlun framkvæmda í Úlfarsárdal.
2. Fjármál og styrkir hverfisráðs. Umsókn frá íbúasamtökum Grafarholts til framkvæmdar þrettándahátíðar Grafarholts 2016. Styrkbeiðni upp á 100.000.- Samþykkt samhljóða.
3. Létt kaffisþjall. Sólveig Reynisdóttir fer yfir árlegan fund lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá því í dag. Hverfisráð óskar eftir að framkvæmdastjóri fari yfir helstu tölur úr skýrslu Rannsóknar og greiningar á næsta fundi.

### Fundi slitið kl. 17:18

Óttarr Örn Guðlaugsson

Hermann Valsson

Gunnar Kristinsson